

Stjórnarháttayfirlýsing

Íslensk verðbréf hf. leggja höfuðáherslu á heiðarleika og óhæði í starfsemi sinni. Félagið er verðbréfafyrirtæki með áherslu á eignastýringu, verðbréfamiðlun og fyrirtækjaráðgjöf. Félagið stundar ekki eigin viðskipti eða útlánastarfsemi.

Félagið leggur áherslu á góða stjórnarhætti og skilyrðislausu fylgni við lög, reglur og samþykktir félagsins. Félagið fylgir í öllum meginatriðum 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland. Fyrsta útgáfa leiðbeininganna kom út árið 2004 og hafa þær verið endurskoðaðar með reglubundnum hætti frá þeim tíma. Leiðbeiningarnar fela í sér tilmæli um innleiðingu á ákveðnum vinnureglum umfram það sem kveðið er á um í lögum og reglum en á sama tíma fylgir þeim meiri sveigjanleiki en slíku regluverki enda eru fyrirtækin sem leiðbeiningunum fylgja ólík og af öllum stærðum og gerðum. Meginmarkmið leiðbeininganna er að skýra hlutverk og ábyrgð stjórnenda fyrirtækja og auðvelda þeim þannig að rækja störf sín og um leið treysta hag hluthafa og annarra hagaðila. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefslóðinni <http://leidbeiningar.is>. Í starfsemi sinni taka Íslensk verðbréf auk þess mið af viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (EBA/GL/2021/05).

Eftirfarandi eru nánari upplýsingar um einstaka þætti stjórnarháttanna Íslenskra verðbréfa hf.

Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

Grundvöllur leiðbeininga um stjórnarhætti er svokölluð „fylgið eða skýrið“ regla (e. „comply or explain“) en á grundvelli hennar hafa stjórnir fyrirtækja svigrúm til að ákveða að hve miklu leyti einstaka þættir leiðbeininganna henti viðkomandi fyrirtæki. Sé vikið frá leiðbeiningunum skal þess getið í stjórnarháttayfirlýsingu. Íslensk verðbréf hf. fylgja reglunum í samræmi við stærð og umfang starfseminnar og eru nokkur frávik gerð frá leiðbeiningunum. Með vísan til þessa er hér með gerð grein fyrir eftirfarandi frávikum:

- Vikið er frá gr. 1.1.2. að því leyti að ekki verða veittar upplýsingar um tímasetningu hluthafafunda á heimasíðu félagsins. Hluthafar félagsins eru fáiir og telur stjórn samsetningu þeirra ekki veita tilefni til auglýsingar á vefsíðu félagsins.
- Stjórn hefur ekki sett sér skrifleg viðmið um siðferði sbr. gr. 2.9. Félagið hefur sett sér stefnu um samfélagslega ábyrgð og leggur þó mikla áherslu á báða þessa þætti almennt í starfsemi sinni og telur að þeim verði best náð með ábyrgum stjórnendum sem hafa fagmennsku og gott siðferði að leiðarljósi í öllum sínum störfum, öðru starfsfólki til eftirbreytni. Samfélagsleg ábyrgð er félaginu hugleikin í ljósi sérstöðu sinnar með höfuðstöðvar á landsbyggðinni og mikilvægi þess að fjármálafyrirtæki starfi ekki eingöngu í Reykjavík. Félagið hefur alla tíð lagt mikið upp úr því að styðja við bakið á íþróttafélögum og margvíslegri forvarnartengdri starfsemi og styrkja þannig umhverfi sitt og nærsamfélag. Stjórn stefnir að því að samþykkja skrifleg viðmið um siðferði fyrir stjórn, stjórnendur og starfsmenn félagsins á næstu vikum.
- Miðað við umfang og eðli starfsemi félagsins og fjölda hluthafa er ekki talin þörf á því að skipa sérstaka tilnefningarnefnd stjórnar sbr. gr. 1.4. Með vísan til ítarlegra hæfisskilyrða sem gilda um stjórnir í fjármálafyrirtækjum er ekki talin ástæða til að grípa til aðgerða til að vega upp á móti frávikunum.
- Íslensk verðbréf hf. birta ekki á vefsíðu sinni ófjárhagslegar upplýsingar í starfsmannamálum, mannréttindamálum, umhverfismálum, samfélagsmálum og spillingar- og mútumálum. Þannig er vikið frá gr. 6.2. Stefnu félagsins varðandi framangreinda flokka má finna í stefnu Íslenskra verðbréfa hf. um samfélagslega ábyrgð en hana er að finna á heimasíðu félagsins www.iv.is.
- Vikið er frá gr. 6.3. að því leyti að eftirfarandi upplýsingar eru ekki birtar á vefsíðu félagsins: ófjárhagslegar upplýsingar, upplýsingar um hluthafafundi félagsins, fundarboð, fundargerðir hluthafafunda og upplýsingar um hvernig framboðum til stjórnar verður komið á framfæri.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Starfsemi félagsins, innra eftirlit og áhættustjórnun

Íslensk verðbréf hf. er verðbréfafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Verðbréfafyrirtæki teljast til fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Félagið stundar fjárfestingarþjónustu, fjárfestingarstarfsemi og viðbótarþjónustu á grundvelli starfsleyfis frá fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (hér eftir „FME“) samkvæmt lögum nr. 115/2021 sem tekur m.a. til eignastýringar, verðbréfamiðlunar, fjárfestingarráðgjafar, fyrirtækjaráðgjafar og vörslu. Nánari upplýsingar um FME ásamt yfirliti yfir helstu lög og reglur sem um starfsemi Íslenskra verðbréfa hf. gilda á hverjum tíma má finna á heimasíðu FME www.fme.is

Félagið lýtur eftirliti FME. Áhættustýring, regluvarsla og virkt innra eftirlit er mikilvægt í starfsemi félagsins. Áhættustjóri sér um áhættustýringu fyrir félagið og ber ábyrgð á vinnslu þeirra skýrsla sem félaginu ber skylda til að skila til opinberra aðila. Meginhlutverk regluvörslu er að sjá til þess að félagið fylgi lagalegum kröfum og innra regluverki sem sett er til að innleiða þær. Þá skal regluvarsla hafa eftirlit með og stýra hlítningaráhættu félagsins. Regluvörður félagsins er jafnframt ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og persónuverndarfulltrúi félagsins. Innri endurskoðun er útvistað til KPMG ehf. Ytri endurskoðun er framkvæmd af Deloitte ehf. Regluleg upplýsingagjöf er til stjórnar um framangreind atriði.

Eitt af dótturfélögum Íslenskra verðbréfa hf. er ÍV sjóðir hf., sem hefur starfsleyfi frá FME sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða en auk þess nær starfsleyfið til eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar. Hjá félaginu og ÍV sjóðum hf. eru nú um 20 starfsmenn.

Stjórn og forstjóri

Stjórn Íslenskra verðbréfa hf. er skipuð þremur mönnum og tveimur til vara. Meirihluti stjórnarmanna er óháður félaginu, stjórnendum og stórum hluthöfum þess samkvæmt skilgreiningu leiðbeininga um stjórnarhætti á óhæði í þessu tilliti, en einn hluthafi á yfir 10% eignarhlut í félaginu þegar stjórnarháttayfirlýsing þessi er gefin út.

Stjórn er kosin á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í góðu horfi og í samræmi við þau lög og reglur sem um starfsemina gilda. Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega. Auk stjórnar sitja að jöfnu forstjóri og yfirlögfræðingur fundi stjórnar. Mæting á stjórnarfundum sem haldnir voru á liðnu ári var til fyrirmyndar og að jafnaði sátu allir stjórnarmenn fundina.

Stjórnin skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins og getur ein veitt prókúruumboð fyrir félagið. Stjórn félagsins ræður félaginu forstjóra og ákveður starfskjör hans. Stjórnin starfar samkvæmt starfsreglum sem stjórn hefur sett sér þar sem kveðið er ítarlega á um störf hennar auk þess sem nánari starfsáætlun stjórnarformanns er þar að finna. Starfsreglur stjórnar eru birtar á heimasíðu félagsins. Þá setur stjórn sér starfsáætlun í upphafi hvers kjörtímabils fyrir næstkomandi starfsár. Samkvæmt stefnu Íslenskra verðbréfa hf. um samfélagslega ábyrgð skal félagið m.a. tryggja jafnrétti á öllum sviðum starfseminnar og hvatt er til fjölbreytileika. Á það jafnt við um samsetningu stjórnar sem og önnur svið félagsins.

Stjórn skal reglulega leggja mat á frammistöðu stjórnenda og það hvernig stefnumótun félagsins er hrint í framkvæmd. Árlega skal stjórn leggja mat á störf sín, verklag og starfshætti. Þá skal stjórn árlega leggja mat á störf forstjóra og rekstur félagsins í heild.

Á aðalfundi félagsins árið 2022 voru Laufey María Jóhannsdóttir og Ingólfur Vignir Guðmundsson endurkjörin í stjórn en auk þess var Davíð Guðmundsson kjörinn. Gunnar Skúlason og Þorbjörg Stefánsdóttir voru kjörin varamenn í stjórn.

Engar undirnefndir stjórnar eru starfandi hjá félaginu.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins og skal í þeim efnum farið eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsmenn félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Forstjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Forstjóri ræður starfsmenn félagsins en skal hafa samráð við stjórn við ráðningar ef við á. Forstjóri félagsins er Jóhann M. Ólafsson.

Upplýsingar um stjórnarmenn og forstjóra

Laufey María Jóhannsdóttir er stjórnarformaður félagsins.

Laufey María Jóhannsdóttir er fædd 1994. Hún er starfsmaður hjá Björg Capital ehf. og stundar jafnframt nám við Hagfræðideild Háskóla Íslands. Laufey hefur gegnt ýmsum stjórnarstöðum en hún sat í stjórn Sambands íslenskra framhaldsskólanema 2012-2015, stjórn OBESSU, regnhlífasamtaka námsmannasamtaka í Evrópu 2015-2017, stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna 2014-2017 og Námsstyrkjanevnd LÍN 2014-2016. Laufey sat einnig í stjórn Landssambands ungmennafélaga 2017- 2019. Á starfsárinu 2018-2019 var Laufey einn af 30 fulltrúum ungs fólks í Evrópu í Ráðgjafaráði Evrópuráðsins í málefnum ungs fólks (CoE Advisory Council on Youth).

Laufey er starfsmaður hjá Björg Capital ehf., sem heldur á 67,6% hlut í Íslenskum verðbréfum auk þess sem hún er dóttir forstjóra félagsins, Jóhanns M. Ólafssonar, og Þorbjargar Stefánsdóttur eiganda Bjargar Capital ehf. Hún hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila félagsins.

Ingólfur Vignir Guðmundsson er varaformaður stjórnar og starfar sem fulltrúi á lögfræðipjónustu Sigurðar Sigurjónssonar lögmanns í Reykjavík við almenn lögfræðistörf og málflytning í einkamálum og opinberum málum.

Hann er fæddur 1961. Ingólfur Vignir útskrifaðist úr viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1986, öðlaðist löggildingu í verðbréfamíðlun árið 1998 og útskrifaðist úr lagadeild Háskólans í Reykjavík árið 2015. Hann öðlaðist málflytninguréttindi fyrir héraðsdómi árið 2016. Á tímabilinu 1993 til 2009 starfaði hann í fjármálageiranum. Hann er með reynslu af stjórnun og rekstri fjármálafyrirtækja m.a. útlánastarfsemi, áhættu- og fjárstýringu, gerð árschluta- og ársuppgjöra, rekstrar- og áætlanagerð, stefnumótun o.fl.

Ingólfur Vignir á ekki sæti í stjórnnum annarra félaga. Áður sat hann í stjórnnum Tölvumiðstöðvar sparisjóðanna, Rekstrarfélags sparisjóðanna og Allianz Ísland. Hann hefur sinnt stundakennslu í lögfræði við viðskiptadeild Háskóla Íslands frá árinu 2016, m.a. í fjármála- og verðbréfamarkaðsrétti.

Hann á ekki hlutabréf í félaginu og hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila félagsins.

Davíð Guðmundsson er meðstjórnandi hjá félaginu og er lögmaður og eigandi lögfræðistofunnar DG Legal.

Davíð er fæddur 1972. Hann lauk meistaraþrófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2002. Á árunum 2002- 2007 vann hann við lögfræði- og skattaráðgjöf hjá Deloitte ehf. fyrir stór og meðalstór fyrirtæki m.a. vegna samruna og/eða endurskipulagningar þeirra. Á árinu 2009 stofnaði hann lögfræðistofuna Nordik lögfræðipjónustu slf. og starfaði þar til ársins 2015 þegar hann færði sig til OPUS lögmanns ehf. og var þar til 2017. Þá hefur Davíð átt lögfræðistofuna DG Legal frá 2013 og starfar þar enn þá. Reynsla Davíðs á sviði lögfræðinnar spannar yfir 20 ár.

Samhliða lögmannsstörfum hefur hann setið í og situr í fjölda stjórna. Þá ber helst að nefna að hann situr í stjórn MF1 shlf. sem er sérhæfður sjóður sem kemur að millilagsfjármögnun fyrirtækja. Hann situr í stjórn Unimaze ehf. auk þess að hafa verið framkvæmdastjóri á árunum 2017-2018 en Unimaze er leiðandi á sínu sviði sem býður upp á að senda og móttaka rafræn viðskiptaskjöl. Þá var hann stjórnarformaður í Prómetín ehf. á árunum 2013-2021 en Prómetín er fjárfestingafélag með fjárfestingargetu upp á 1 milljarð króna. Þá hefur hann setið í stjórn Líftryggingafélags Íslands hf. og Ræktunarsambands Flóa og Skeiða ehf. ásamt því að hafa sinnt sjóðstjórn í fjárfestingarfélaginu Teknetin ehf.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Davið á ekki hlutabréf í félaginu og hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila félagsins.

Jóhann M. Ólafsson er forstjóri Íslenskra verðbréfa hf.

Jóhann M. Ólafsson er fæddur 1968 og tók við störfum sem forstjóri félagsins í maí 2019. Hann lauk námi frá Tækniskóla Íslands og svo Háskólanum á Bifröst 2002. Jóhann er löggiltur fasteigna og skipasali. Hann var áður framkvæmdastjóri Viðskiptahússins ehf. 1999-2019, framkvæmdarstjóri í fjármálafyrirtæki 1999-2001 og framkvæmdastjóri í sjávarútvegi 1991-1999.

Björg Capital ehf., félag í eigu Þorbjargar Stefánsdóttur konu Jóhanns, á 67,6% eignarhlut í Íslenskum verðbréfum hf.

Í varastjórn félagsins sitja Gunnar Skúlason, fjármálastjóri Sjótækni ehf., og Þorbjörg Stefánsdóttir, fjárfestir.

Gildi og samfélagsleg ábyrgð

Fjármálafyrirtæki sem ekki nýtur trausts og trúverðugleika á litla framtíð fyrir sér. Félagið gerir sér grein fyrir að traust og trúverðugleiki helst í hendur við siðferði starfsmanna. Íslensk verðbréf hf. leggja því höfuðáherslu á að tryggja traust og trúverðugleika félagsins gagnvart hluthöfum, viðskiptavinum og samfélaginu í heild. Þessi atriði endurspeglast í innri reglum félagsins og einnig í þeirri viðskiptahugmynd sem starfsemi þess byggir á, þ.e. að vera óháð eignastýringarfyrirtæki sem keppir ekki við viðskiptavini sína um bestu fjárfestingakostina. Við ráðningu nýrra starfsmanna leitar félagið eftir fólki með reynslu og þekkingu á fjármálamarkaði eða ungum metnaðarfullum einstaklingum sem hafa brennandi áhuga á því að starfa á slíkum markaði.

Félagið er einnig meðvitað um samfélagslega ábyrgð sína og hefur hana að leiðarljósi í starfseminni. Félagið hefur meðal annars stutt dyggilega við íþróttaiðkun barna og unglinga sem og ýmis önnur góð málefni.

Samskipti hluthafa og stjórnar

Íslensk verðbréf hf. birta fréttir af starfsemi sinni á heimasíðu félagsins (www.iv.is) og senda jafnframt út fréttatilkynningar ef markverðar breytingar hafa orðið. Að auki geta hluthafar hvenær sem er haft samband við forstjóra og/eða stjórnarmenn ef spurningar vakna. Á aðalfundum er farið ítarlega yfir starfsemi félagsins og þar er hluthöfum heimilt að tjá sig um málefni félagsins.

Upplýsingagjöf í tengslum við brot á lögum og reglum

Félagið hefur ekki brotið lög, reglur eða tilmæli FME í starfseminni. Félagið hefur ekki verið dæmt eða verið úrskurðað viðurlög vegna brota á lögum um fjármálafyrirtæki eða öðrum lögum og ekki eru til rannsóknar nein brot hjá opinberum aðilum svo vitað sé. Upplýsingar um mál fyrir dómstólum sem félagið á aðild að, sé um það að ræða, er að finna í skýringum í ársreikningi félagsins.